

1866.

22. júní.

Prestsekkju Þóru Auðunnardóttur á Auðkúlu	20 rd.
— Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum	30 -
— Marenu Níelsdóttur á Syðriey	10 -
— Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði	12 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	20 -
— Kristínu Eiríksdóttur á Krossi	5 -
— Guðnýju Jónsdóttur á Króki	15 -
— Margrætu Narfadóttur í Reykjavík	40 -
— Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli	10 -
— Guðríði Helgadóttur á Fremraseli	10 -
— Þorbjörgu Jónsdóttur í Reykjavík	18 -

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að, og um leið og vör vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlímán. f. á. skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

29. júní.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um að afsala Reykjavíkur kaupstað spildu af Arnarhóls landi til að breiðka veginn upp úr bænum.

Með bréfi 25. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá bæjarfulltrúunum í Reykjavík, þar sem þeir fara þess á leit, að látin sé af hendi 2 álna breið spilda af Arnarhóls lóð — en sú jörð er lögð til stiptamtmansembættisins — á sviði því, er nær frá læknum upp að íveruhúsi Jóns Péturssonar, yfirdómara, til þess að breiðka ferðamannavegin, sem liggur ofan úr sveitum niður í kaupstaðinn, með þeim kosti að grjótgardur sá, sem er um Arnarhólsland á þessu sviði, verði fluttur og hlaðinn upp aptur óaðfinnanlega á kostnað Reykjavíkur kaupstaðar innan ákveðins frests, er stiptamtinu og bæjarstjórninni kemur saman um. Hafið þér mælt með, að þessi bæn verði veitt, þannig, að yður verði veitt

heimild til að afsala af jörðinni spildu, er sè allt að 2 $\frac{1}{2}$ alin á breidd, ef það sýnir sig meðan verið er að vinna verk þetta, að það hentar.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að stjórnarráðið hërmeð veitir það sem sókt hefir verið um, á þann hátt, sem þér hafið stungið uppá.

1866.
22. júní.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.

29. júní.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 29. janúarmán. þ. á., bar hún upp fyrir konungi málefni það, er þar er um rædt, og hefir hans hátign 25. þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarráðsins, að leiguliðum á þjóðjörðunum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 4 ár, er talin sè frá fardögum 1865, veitist sú hin sama linun í landskuldagjaldi af ábýlisjörðum sínum, sem þeir hafa verið aðnjótandi nú á síðari árum, en það er á þann hátt, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; þó skal bjóða umboðsmönnum að hækka landskulda við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert skipti, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er yður hërmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, svo sem þörf er á.